

Loftslagsverkefni SI & Festu



Guðrún Birna Jörgensen, viðskiptastjóri

Loftslagsmál

- Vísindalegar rannsóknir sýna að losun gróðurhúsloftstegunda hefur veruleg og neikvæð umhverfisáhrif
- Ísland er aðili að Parísarsáttmálanum þar sem ríki heims komu sér saman um að draga úr losun
- Íslensk stjórnvöld hafa einnig einsett sér að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040
- Gerist ekki nema að fyrirtæki taki þátt í því og sýni samfélagslega ábyrgð

Skipting losunar á Íslandi árið 2015

- án viðskiptakerfis ESB



Markmið verkefnisins

- Að kynna fyrir framleiðslufyrirtækjum aðferðir til að halda utan um losun gróðurhúsalofttegunda
- Að fá sem flest framleiðslufyrirtæki til að setja sér markmið um minni losun
- Að bjóða framleiðslufyrirtækjum að nota Loftlagsmæli Festu til að meta losun sína á gróðurhúsalofttegunda með samræmdum hætti og geta borið sig saman við aðra
- Að bjóða framleiðslufyrirtækjum fræðslu um markmiðasetningu á sviði loftslagsmála og úrgangs
- Að verkefnið gefi SI tækifæri á að meta árangur framleiðslufyrirtækja í loftslagsmálum

Hvað felst í verkefninu

- SI og Festa eru framkvæmdaraðilar verkefnisins
- Myndað verður fagráð umhverfissérfræðinga frá 3 – 5 framleiðslufyrirtækjum
- Haldinn verður upphafsfundur verkefnisins í lok ágúst þar sem forsvarsfólki framleiðslufyrirtækja er boðið að koma og skrifa undir yfirlýsingu um þátttöku
- SI og Festa standa saman að fræðsludagskrá þar sem haldnir verða hið minnsta tveir viðburðir á ári
- Einu sinni á ári, og í fyrsta skipti vorið 2019 gera SI og Festa könnun á stöðu loftlagsmarkmiðs fyrirtækjanna og birtir niðurstöðurnar á vef Festu og verður kynnt á ársfundi framleiðsluráðs
- Þátttaka félagsmanna í Samtökum iðnaðarins í verkefninu er þeim að kostnaðarlausu
- Fyrirtæki fjárfesta hins vegar í vinnu við innleiðingu innan fyrirtækisins

Af hverju að taka þátt

- Að auðvelda fyrirtækjum að meta losun sína og setja fram stefnu og aðgerðaráætlun til að mæla hana og minnka
- Að fyrirtæki sýni samfélagslega ábyrgð með því að mæla losun og gera ráðstafanir til að draga úr henni sem skapar jákvæða ímynd
- Fyrirtæki ná fram sparnaði í rekstri, bæta rekstur
- Verkefnið styður við gæðakerfi og umhverfiskerfi sem fyrir eru í fyrirtækinu
- Að fyrirtæki sýni fram á að það bregðist við ef mælingar sýna óeðlilega losun frá fyrirtækinu
- Að fyrirtæki leggi í þessa vegferð núna því það er einfaldara og ódýrara en eftir að stjórnvöld hafa gert kröfur um það í reglugerð
- Þátttaka veitir forskot á markaði þar sem neytendur vilja upplýsingar um kolefnisfótspor

Yfirlýsing Festu um loftslagsmál

- Fyrirtækjum og stofnunum býðst að skrifa undir loftslagsyfirlýsinguna. Þar eru sett fram þrjú skýr og mælanleg markmið sem fyrirtækin vinna að.

Við undirrituð ætlum að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif með markvissum aðgerðum.

Þjóðir heims standa nú frammi fyrir afleiðingum loftslagsbreytinga. Sameinuðu þjóðirnar gegna forystuhlutverki í að greina vandann, takast á við hann og aðlagast breyttum aðstæðum.

Borgir og bæir ásamt fyrirtækjum af öllum stærðum, verða sífellt mikilvægari þegar kemur að því að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda og standast þau markmið sem sett hafa verið um losun þeirra.

Á Íslandi er helsta áskorunin mengandi samgöngur og losun úrgangs. Við ætlum að sýna samfélagslega ábyrgð í verki með því að:

- 1. Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda*
- 2. Minnka myndun úrgangs*
- 3. Mæla árangurinn og gefa reglulega út upplýsingar um stöðu ofangreindra þátta.*

